

Mál þetta, sem þingfest var 20. nóvember sl. og dómtekið 4. febrúar sl., var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi 27. janúar 2009 á hendur Gyðu Dröfn Grétarsdóttur, kt. 000000-0000, Ljótastöðum, Skaftárhreppi, til dvalar að Grænahjalla 29, Kópavogi,

*„fyrir hegningar- og umferðarlagabrot*

## **I.**

með því að hafa, síðdegis mánudaginn 30. júlí 2007 ekið bifreiðinni UG-659 um Vesturlandsveg við Hagamel í Hvalfjarðarsveit með 116 km hraða á klukkustund. Leyfður hámarkshraði á vegarkaflanum var 90 km á klukkustund.

Telst brot ákærðu varða við 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.

## **II.**

með því að hafa, að kvöldi miðvikudagsins 30. apríl 2008 ekið bifreiðinni UG-659 austur Suðurlandsveg, vestan Péturseyjar í Mýrdalshreppi, með 116 km hraða á klukkustund. Leyfður hámarkshraði á vegarkaflanum var 90 km á klukkustund.

Telst brot ákærðu varða við 2. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. 1. mgr. 100. gr. sömu laga.

## **III.**

með því að hafa, að kvöldi sunnudagsins 18. maí 2008 ekið bifreiðinni UG-659 austur Suðurlandsveg við Kornvelli í Rangárþingi eystra, með 122 km hraða á klukkustund, án þess að hafa ökuskrteini meðferðis og óhæf til að stjórna ökutækinu örugglega vegna áhrifa tetrahýdrókannabínóls, amfetamíns og kókaíns. Leyfður hámarkshraði á vegarkaflanum var 90 km á klukkustund.

Teljast brot ákærðu varða við 2. mgr. 37. gr., 1. mgr. 48. gr. og 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga nr. 50, 1987 sbr. 5. gr. laga nr. 66, 2006, sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

#### IV.

með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 1. júní 2008 fyrir utan veitinga- og skemmtistaðinn Systrakaffi á Kirkjubæjarklaustri veist að Karli Johan David Wredenberg, kt. 000000-0000 og slegið hann 4 sinnum í andlitið með þeim afleiðingum að Karl hlaut opið sár á neðri vör.

Telst brot ákærðu varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### V.

með því að hafa, síðdegis fimmtudaginn 31. júlí 2008 ekið bifreiðinni UG-659 austur Suðurlandsveg við Kögunarhól í Ölfusi, óhæf til að stjórna ökutækinu örugglega vegna áhrifa tetrahydrokannabinólsýru.

Telst brot ákærðu varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga nr. 50, 1987 sbr. 5. gr. laga nr. 66, 2006, sbr. 1. mgr. 100. gr. nefndra umferðarlaga.

Dómkröfur ákæruvaldsins:

- a) að ákærða verði dæmd til refsingar
- b) að ákærðu verði gert að sæta sviptingu ökuréttar, samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. lög nr. 44, 1993, lög nr. 57, 1997, lög nr. 23, 1998, lög nr. 132, 2003, lög nr. 84, 2004 og lög nr. 66, 2006
- c) að ákærði fái punkta skv. 7. gr., sbr. viðauka, reglugerðar nr. 929, 2006 um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna ofangreindra brota og hún verði dæmd til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1997 og 8. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar nr. 929, 2006 vegna uppsafnaðra punkta.

Í málinu gerir Helgi Jóhannesson hrl. kröfu f.h. brotþola skv. IV. lið ákæru um að ákærðu verði með dómi gert að greiða skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 212.250,- auk vaxta samkvæmt IV. kafla laga nr. 38, 2001 frá tjónsdegi og þar til einn mánuður er liðinn frá því að bótakrafa hefur verið birt, en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi, til greiðsludags.“

Ákærða hefur játað sök vegna ákæruliða I, II, III og V. Hún neitar hins vegar sök vegna ákæruliðar IV og mótmælir bótakröfu. Krefst hún vægustu refsingar vegna þeirra brota sem hún hefur játað. Vegna ákæruliðar IV krefst hún aðallega sýknu en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa, og að hún verði þá bundin skilorði eða jafnvel felld niður. Þá krefst hún frávísunar á bótakröfu, en til vara að hún verði lækkuð verulega. Loks krefst hún þess að verjanda verði ákveðin málsvarnarþóknun að mati dómsins og að þau verði alla vega að hluta greidd úr ríkissjóði.

## Ákæruliðir I, II, III og V.

Með vísan til skilyrðislausrar játningar ákærðu vegna ákæruliða I, II, III og V sem samræmist gögnum málsins er fram komin sönnun um sök ákærðu vegna þeirrar háttsemi sem lýst er í framangreindum ákæruliðum. Þykja brot hennar þar rétt færð til refsíákvæða.

## Ákæruliður IV

### *Málavextir*

Föstudaginn 6. júní 2008 kom Karl Johan David Wredenbergtil lögreglu og lagði fram kærú á hendur ákærðu vegna líkamsárásar sem átt hefði sér stað fyrir utan veitingastaðinn Systrakaffi á Kirkjubæjarklaustri, aðfaranótt sunnudagsins 1. júní 2008. Kemur fram í kæruskýrslu hans að hann hafi verið, ásamt tveimur samstarfsfélögum sínum, staddur á greindum veitingastað. Hafi þar gefið sig á tal við hann ljóshærð stúlka og spurt hann á ensku: „When are you going to buy me a drink?“ Hafi brotaþoli þá spurt hana af hverju hann ætti að kaupa handa henni bjór og hún þá svarað: „Because I’m hot.“ Kærandi kveðst svo stuttu síðar hafa heyrt stúlkuna segja á íslensku: „Hvað er homminn að gera þarna?“ Nokkru þar á eftir hafi stúlkan svo komið að borði hans og sagt á ensku: „I hate you.“ Kærandi kveðst nokkru síðar hafa ætlað út og verið í dyrum staðarins og þá mætt stúlkunni þar. Hafi hún þar ýtt við honum. Kærandi hafi þá spurt stúlkuna hvað hún væri að gera og hún þá kýlt hann tveimur höggum með krepptum hnefa í andlitið, í kringum munninn. Hafi hún þá sagt: „Don’t you know who my boyfriend is? He is the drugdealer of Reykjavík.“ Hafi stúlkan svo enn reynt að kýla hann tveimur höggum en kærandi þá getað varist. Kemur fram að hann hafi orðið var við að blæddi úr eða við munnvikið. Er haft eftir kæranda að hringt hafi verið í lögreglu en hann hafi farið heim um klukkustund eftir árásina, eða um kl. 02.45.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að lögreglumaður á vakt hafi í umrætt sinn fengið tilkynningu um árásina en sökum anna við annað verkefni, og hversu langt frá vettvangi hann var staddur, hafi hann ekki séð sér fært að sinna útkallinu. Ákærða hafi svo verið handtekin vegna óláta og ölvunar á almannafæri um kl. 03.45 þá sömu nótt.

Samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði leitaði kærandi til læknis 10. júní 2008 vegna líkamsárásar sem hann hefði orðið fyrir aðfaranótt 1. júní sama mánaðar. Hafi kærandi sýnt læknum ljósmyndir sem teknar hafi verið af honum í kjölfar árásarinnar. Sjáist þar greinilega opið sár hægra megin á neðri vör hans og hafi það náð inn í munninn. Kemur fram að við skoðun sjáist greinilega þykkun í vörinni á sama stað, og samræmist útlitið því vel að um sé að ræða ör eftir sama sár. Sé það þokkalega vel gróið. Engir aðrir áverkar finnast og ekki sé talið að kærandi muni hljóta af neitt varanlegt mein.

Þegar lögregluskýrsla var tekin af ákærðu vegna málsins kvaðst hún ekki muna eftir þessu atviki, enda myndi hún lítið eftir umræddu kvöldi. Hefði áður komið fyrir að hún myndi ekki eftir því sem hún gerði. Tók ákærða fram að henni þætti þetta miður og að hún ætlaði að gæta að sér varðandi áfengisneyslu í framtíðinni svo slíkt endurtæki sig ekki. Ákærða mætti ekki við aðalmeðferð málsins fyrir dómi til að gefa skýrslu.

Kærandi kvaðst við aðalmeðferð málsins hafa verið staddur með tveimur vinnufélögum sínum á Systrakaffi umrætt kvöld þegar þrjár stúlkur, sem starfað hefðu á bensínstöð þar nálægt, hefðu sest hjá þeim. Eftir stutt spjall hefði ein þeirra beðið hann um að bjóða sér upp á bjór. Þegar hann hefði spurt hvers vegna hann ætti að gera svaraði hún á ensku: Af því hún væri heit. Um tuttugu mínútum síðar kvaðst kærandi hafa farið á klósettið og þegar hann kom til baka hefði hann séð að allir voru farnir út að reykja. Hann hefði gert það líka og mætt þar sömu stúlkunni. Kvaðst hann hafa heyrt hana spyrja hvers vegna homminn væri þarna ennþá. Hefðu þeir sem í kring voru þá farið að hlæja því þeir vissu að hann skildi íslensku. Sagði kærandi þetta hafa komið heimskulega út fyrir stúlkuna. Hann hefði svo farið aftur inn og pantað sér bjór. Hefði stúlkan þá verið þar og horft illilega á sig. Nokkru þar á eftir kvaðst kærandi hafa skroppið aftur á klósettið. Er hann var á leiðinni þaðan og út úr húsinu hefði hann mætt stúlkunni á ný. Hefði hún þá ýtt við honum. Kvaðst hann hafa spurt hana hvers vegna hún væri að þessu og hún þá brugðist við með því að slá hann þrjú högg í andlitið. Kærandi sagðist þá hafa spurt hana hvað hún væri að gera og hún þá svarað honum því í hótunartón að kærasti hennar væri frægasti eiturlyfjakóngur Reykjavíkur. Hefði hún svo slegið hann eitt högg til viðbótar. Hefðu öll högginn lent á munninum hægra megin eða á svæðinu þar í kring. Spurður hvort hann hefði ekki getað brugðist til varnar kvaðst hann hafa valið að slá ekki til baka. Í framhaldi kvaðst hann hafa farið inn á veitingastaðinn og þar hefðu afgreiðslustúlkur hjálpað honum að þerra blóðið úr munninum. Hann sagðist hafa lítið í spegil og séð hversu bólgin hann var í andlitinu. Hefði hann því beðið annan félagan sinn um að hringja í lögregluna. Sagði kærandi félagan sína hafa verið inni á veitingastaðnum þegar árásin var gerð og því ekki orðið vitni að henni. Spurður um áverkana kvaðst hann hafa verið með sár í munninum í tíu daga. Þá hefði hann haft áhyggjur vegna munnaðgerðar, sem hann hefði farið í áður en hann kom hingað til lands, og að árásin hefði slæmar afleiðingar hvað það varðaði. Hann hefði þó sem betur fer náð sér að fullu. Sagðist kærandi hafa verið frá vinnu í fjóra

daga í kjölfar árársarinnar og verið kauplaus á þeim tíma. Aðspurður kvaðst kærandi ekki minnst þess að hafa rifist við ákærðu inni á veitingastaðnum. Þá kannaðist hann ekki við að hafa kallað hana heimska ljósku. Kærandi kvaðst telja að enginn annar en þau tvö hefðu verið þarna fyrir utan í greint sinn en hins vegar hefði stúlka komið hlaupandi út af veitingastaðnum strax eftir högginn og teldi hann því líklegt að hún hefði séð árásina. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa komist til að kæra fyrir en fimm dögum síðar þar sem hann hefði farið með yfirmanni sínum til Reykjavíkur strax í kjölfarið. Þá kvaðst hann ekki hafa áttað sig á því strax að hann þyrfti að fá áverkavottorð. Spurður um ljósmyndir, sem tilgreint sé í áverkavottorði að hann hefði sýnt læknum, kvaðst kærandi hafa afhent þær lögreglunni á Klaustri.

Þórdís Ýr Snjólaugardóttir kvaðst hafa verið að vinna á Systrakaffi í greint sinn. Kvaðst hún hafa vitað til þess að eitthvað hefði gerst á milli ákærðu og kæranda inni á veitingastaðnum án þess að hún hefði séð það. Sagðist hún hafa vitað af kæranda inni á klósetti og þar sem hann hafi verið orðinn eitthvað blóðugur vegna samskipta við ákærðu hefði hún ætlað að fara með pappírspurrku til hans. Kærandi hefði svo gengið út fyrir veitingastaðinn og ákærða þá farið út á eftir honum. Sagðist vitnið einnig hafa fylgt þeim út. Er þangað var komið hefði ákærða slegið kæranda tvö eða þrjú þung hnefahögg á munninn. Sagðist hún hafa verið undrandi á að kvenmaður gæti slegið svo fast. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa séð deilur ákærða og kæranda inni á staðnum en hafa heyrt að þær stöfuðu af því að ákærði vildi ekki bjóða ákærðu upp á glas eða eitthvað þess háttar. Vitnið kvaðst hafa vitað hver ákærða og kærandi voru án þess þó að þekkja þau neitt persónulega.

Ágústa Sól Pálsdóttir kvaðst hafa verið stödd á Systrakaffi umrætt kvöld. Kvaðst hún hafa heyrt kæranda og ákærða eitthvað rífast inni á staðnum. Sagðist hún þó ekki vita um hvað rifrildi þeirra hefði snúist. Þau hefðu svo haldið áfram að rífast úti. Kvaðst hún hafa farið út og séð þá kæranda þar blóðugan um munninn. Sjálf kvaðst hún ekki hafa séð nein slagsmál milli kæranda og ákærðu.

### *Niðurstaða*

Ákærða neitaði sök við þingfestingu málsins. Hún mætti ekki til skýrslugjafar við aðalmeðferð fyrir dómi en kvaðst í skýrslu sinni hjá lögreglu ekkert muna hvað gerðist í greint sinn. Sagðist hún þó muna eftir að hafa staðið í einhverjum deilum við kæranda um kvöldið.

Með vitnisburðum kæranda og Þórdísar Ýrar Snjólaugardóttur er komin fram sönnun um að ákærða hafi slegið kæranda í andlitið í greint sinn og þykir verða við það að miða að um þrjú högg hafi verið að ræða. Með hliðsjón af þessum vitnisburðum og einnig fyrirliggjandi læknisvottorði verður talið að kærandi hafi við árásina hlotið opið sár á neðri vör. Telst ákærða með þessari háttsemi sinni hafa

brotið gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### *Ákvörðun refsingar*

Samkvæmt fyrirbyggjandi sakavottorði var ákærðu veitt skilorðsbundin ákærufrestun hinn 3. janúar 2006 vegna þjófnaðarbrotis. Með dómi hinn 21. mars 2007 var ákvörðun um refsingu ákærðu frestað skilorðsbundið í tvö ár vegna brots gegn valdstjórninni. Ákærða gekkst, með lögreglustjórásáttum 8. apríl 2008 og 25. apríl 2009, undir að greiða sektir vegna fikniefnalagabrota. Með lögreglustjórásátt 28. júlí 2009 gekkst ákærða undir að greiða 70.000 króna sekt og sæta sviptingu ökuréttar í fjóra mánuði vegna aksturs undir áhrifum fikniefna. Loks gekkst hún, með viðurlagaákvörðun 17. nóvember 2009, undir að greiða 275.000 króna sekt og sæta sviptingu ökuréttar í átta mánuði frá 28. nóvember 2009 vegna hraðaksturs, aksturs undir áhrifum fikniefna og sviptingaraksturs. Brot þau sem ákærða hefur nú verið sakfelld fyrir, að undanskildu brotinu í ákærulið I, voru öll framin áður en hún gekkst undir tvær síðastgreindu refsíakvarðanirnar en brotið í ákærulið I var einnig framið áður en hún gekkst undir lögreglustjórásáttina hinn 25. apríl 2009. Verður refsing ákærðu því ákveðin sem hegningarauki við greindar refsíakvarðanir með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða hefur með brotum sínum nú rofið skilorð dómsins frá 21. mars 2007. Ber því að taka skilorðið upp og dæma mál þessi nú í einu lagi skv. 60. gr. almennra hegningarlaga. Að þessu öllu virtu, og með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Ákærða skal og greiða 380.000 króna sekt í ríkissjóð, að viðlagðri 24 daga fangelsisrefsingu greiði hún ekki sektina innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt fyrirbyggjandi ökuferilskrá ákærðu hefur hún hlotið fimm staðfesta punkta. Með þeim brotum sem ákærða hefur nú verið sakfelld fyrir hlýtur hún fjóra punkta til viðbótar í ökuferilskrána, og því samtals níu punkta. Þar sem ákærða er með bráðabirgðaskírteini ber að svipta hana ökurétti í þrjá mánuði vegna þess, með vísan til 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1997 og 8. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar nr. 929/2006. Að þessu virtu verður ákærða svipt ökurétti í alls ellefu mánuði frá og með 28. júlí 2010 að telja.

Af hálfu brotaþola er þess krafist að ákærða greiði honum 150.000 krónur, að viðbættum vöxtum, í miskabætur skv. 26. gr. skaðabótaganna. Einnig krefst hann bóta vegna lögmannskostnaðar. Að virtum öllum málavöxtum verður ákærðu gert að greiða brotaþola 120.000 krónur í miskabætur, auk vaxta eins og nánar greinir í dómsorði. Einnig verður henni gert að greiða brotaþola 220.000 krónur vegna lögmannskostnaðar við að halda kröfu sinni fram.

Ákærða greiði 179.895 krónur í útlagðan ferðakostnað vitna og 104.631 krónu vegna rannsóknar á blóðsýnum. Þá greiði hún og 186.000 króna málsvarnarþóknun og ferðakostnað skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., og 80.000 króna þóknun og ferðakostnað Agnars Þórs Guðmundssonar hdl., sem skipaður var í upphafi verjandi ákærðu. Hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun framangreinds verjendakostnaðar.

Ásgeir Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærða, Gyða Dröfn Grétarsdóttir, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa haldið ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærða greiði 380.000 króna sekt í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í 24 daga.

Ákærða er svipt ökurétti í ellefu mánuði frá 28. júlí 2010.

Ákærða greiði Karli Johan David Wredenber 120.000 krónur í miskabætur, auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. júní 2008, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá 3. maí 2009 til greiðsludags. Þá greiði ákærða Karli Johan David 220.000 krónur vegna lögmannskostnaðar.

Ákærða greiði samtals 550.526 krónur í sakarkostnað, þar af 186.000 krónur í málsvarnarþóknun og ferðakostnað verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., og 80.000 krónur í þóknun og ferðakostnað til Agnars Þórs Guðmundssonar hdl. vegna verjandastarfa.

Ásgeir Magnússon.